

Framsóknarmenn á framabraut

Framsóknarmenn gera garðinn frægan um þessar mundir. Sigurður Ingi lét þau boð út ganga að skoða skyldi vinnustaðamenningu í ríki sínu; Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu og stofnunum þess. Í fréttatíma RÚV lýsti hann því yfir, að allt væri reyndar með felldu, en í ljósi hamfaranna í Orkusveitum Reykjavíkur væri ráð að birgja brunninn, þar sem ráðuneytið væri svo „karllægt.“ Það er eftirtektarverk, að ráðherra notar hér orð úr orðasmiðju íslenskra kvenfrelsara, sem fáir líklega vita, hvað eiginlega merkir. Venjulega virðist það tákna eitthvað ljótt í fari karla. Og hvað er á seyði í hinni karllægu Orkuveitu, sem hrellir hinn góða ráðherra? Það veit sauðsvartur almúginn fátt um, nema að karlkyns stjórnendur hafi beitt kvenundirmenn sína kynferðislegu ofbeldi – án nánari útlistunar. Andstyggilegt, ef satt reynist. Það væri fróðlegt að vita í hverju það felst. Skattgreiðendur hljóta að eiga rétt á upplýsingu. Þeir greiða fyrir leikhúsið. Skoðum handrit leiksins frekar:

Kvenkyns forseti borgarstjórnar boðar gaumgæfilega skoðun, en gerir þó ráð fyrir, að Orkusveitan sé einungis ein „ormagryfja“ af mörgum. Undir það tekur kventalsmaður kvenna í atvinnulífinu (einn ástsælla álitsgjafa RÚV í svona málum). Kvenformaður stjórnar ræður nýjan forstjóra (tímabundið). Fyrsta verk hins nýja kvenforstjóra er að kalla brottrækan kvenstarfmann á sinn fund, því hlutaðeigandi ku hafa verið beittur tvöföldu kynferðislegu ofbeldi karla á nefndri stofnun; ótilgreindum kynsósóma - og rekin fyrir bragðið. Nú blasir við, að í viðbót við upphaflega þolendur, liggja þrír karlmenn í valnum; forstjórinn rúinn trausti karlborgarstjóra síns, framkvæmdastjórinn fallinn sem og tilvonandi framkvæmdastjóri, sem refsað er fyrir fortíðarbrot.

Að þessu sögðu liggur beinast við að álykta, að fyrir Sigurði Inga vaki að vernda kvenstarfsmenn ráðuneytisins fyrir karlsstarfsmönnum þess. Hann er frelsari kvenna. Ásetningur ráðherra er þá væntanlega „kvenlægur.“ Hér gætir greinilega algengrar jafnréttisskekkju, þ.e. höllum „rétti“ karla. Fyrirmynd Sigurðar Inga gæti verið flokksbróðirinn úr Miðframsóknarflokknum, fyrrum utanríkisráðherra, Gunnar Bragi, sem stóð fyrir skringilegri rakarastofu um kúgun og frelsun kvenna. Hann fullyrti fullum fetum í fréttatíma RÚV, að karlar ættu ofbeldisvinninginn.

Góðu strákarnir okkar eru skipreika á öldusjó sefjunar og fáfræði, fórnarlömb áróðurs. Áróður kvenfrelsara um sakleysi kvenna hefur heltekið sálu þeirra. Áróðursbragðið er gamalkunnugt úr mannkynssögunni. Séu ósannindin endurtekin nógu oft og víða, umbreytast þau í sannleika. Glitta má í annað lögmál; sefjun. Tiltekin hugsun eða hátterni fær smitandi tilfinningahljómgrunn hjá hópi fólks, sem um leið glutrar niður skynseminni. Þetta þekkja sveitamenn úr fjósinu. Þegar ein kusa sprænis, spræna hina líka.“ (Þetta hljóta ráðherrarnir að þekkja, annar dýralæknir og hinn Skagfirðingur.) Framsóknarstrákarnir okkar auðsýna frumkarlmennsku. Þeir vilja vernda konur fyrir öðrum körlum. Þeim svipar mjög til undirtegunar karla í meðferðargeiranum, svonefndum „eiginkvennafrelsurum.“ Og sannast nú hið fornkveðna: „Margur býr að fyrstu gerð.“ Því sveinbörnum er snemma innrætt af mæðrum sínum einkanlega, að það sé hlutverk þeirra í lífinu að vernda konur, og jafnvel fórna lífi sínu fyrir þær, þegar svo ber undir. Kvenfrelsurum þykir það að vísu karlremba og móðgun við kvenkynið. Vonandi hafa umræddir ráðherrar það hugfast.

Höfundur er ellilífeyrisþegi